

VÉLRÆN SAMSKIPTI Á ÍSLENSKRI TUNGU SNERTIFLETIR VIÐ HÖFUNDARÉTT

Erla S. Árnadóttir

11. nóvember 2016

LEX

LÖGMANNSSTOFA

HÖFUNDARÉTTUR OG RAFRÆNAR ÞÝÐINGAR

- Til athugunar:
- Upphaflegur texti („upstream“)
- Texti sem verður til við þýðingu („downstream“)
- Gagnasöfn með textum

HÖFUNDARÉTTUR AÐ BÓKMENNTAVERKUM

- Höfundalög nr. 73/1972
- Bókmenntaverk eru ein tegund verndaðra verka
 - „samið mál í ræðu og riti“
- Frumleikakröfur: „sjálfstæð andleg sköpun“ („originality“)
- Þröskuldur vegna frumleika er lágur
 - héraðsdómur um spakmæli: *Huggaðu hjarta þitt eins og þú huggar lítið barn og sjáðu brátt tekur það gleði sína á ný*
 - textabútar
 - lína í ljóði
 - titlar – danskur dómur *Hvem ringer klokken for*

BÓKMENNTAVERK AÐLAGANIR - ÞÝÐINGAR

- Aðlögun er verk í breyttri mynd, svo sem í þýðingu á annað tungumál eða í breyttu listformi
 - Þýðing á annað tungumál, breytt listform, uppfærsla á hugbúnaði
- Sá er býr til aðlögun á sama rétt yfir henni og höfundur frumverks á yfir því, en gæta þarf að réttindum frumhöfundar

RÉTTINDI HÖFUNDAR

- Réttur til eintakagerðar
 - útgáfa bóka, útgáfa hljóm- og mynddiska, ljósritun
- Réttur til að gera verk aðgengilegt almenningi, svo sem með flutningi þess eða með því að gera það aðgengilegt á neti
 - flutningur í útvarpi, birting á neti
- Sæmdarréttur (droit moral)
 - Réttur til nafngreiningar
 - réttur til höfundarheiðurs

RÉTTINDI HÖFUNDAR (2)

- Þýðing verks af einu tungumáli á annað felur í sér
 - eintakagerð
 - nánar tiltekið: gerð aðlögunar
- Af þessu leiðir að heimild höfundar þarf til þýðingar verks og skráningar í gagnagrunn

GAGNAGRUNNAR

- Gagnagrunnur er fyrirbæri sem nýtur verndar samkvæmt höfundalögum
 - höfundaréttarvernd – ekki raunhæft
 - sértæk vernd (sui generis vernd)
- Sá sem býr til gagnagrunn að uppfylltum skilyrðum um verulega fjárfestingu við að afla, staðreyna eða setja fram gögn nýtur verndar
- Vernd gagnagrunns felst í rétti til að gera útdrætti úr gagnagrunninum eða endurnýta efni hans